

embættismönnum, að fara nákvæmlega eptir fyrir mælum reglugjörðar 13. febr. 1873, og sjer í lagi var þeim fyrirskipað, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt opnu brjefi 2. apríl 1841, til þess að ná gjöldum þeim, er ekki væru greidd í gjalddaga, og svo fljótt sem auðið væri í seinasta lagi 4 vikum eptir gjalddaga að senda amtmanni skrá um hin óloknu gjöld með beiðni um lögtaksskipun á þeim, og loksins þegar 24 vikur væru af sumri, að senda landshöfðingja vottorð um, hvað samkvæmt þessu þá hefði verið gjört með tilliti til gjalda þeirra, er greiðast áttu á manntalsþingum eða í fardögum, og þar að auki gjöra skil fyrir, á hvern hátt þeir hefðu borgað inn í landssjóð þau gjöld, er þeir hefðu innheimt; og ber vottorði þessu að fylgja skrá, samin eptir fyrirmyndinni við umburðarbrjefið (stj.tíð. B. 1876 bls. 55) um gjöld þau, er þá kynnu að vera ógreidd. Jafnframt þessu var í umburðarbrjefinu brýnd fyrir reikningshöldurunum skylda þeirra til samkvæmt 4. grein reglugjörðar 13. febr. 1873 að borga inn í landssjóð gjöld þau, er þeir hefðu innheimt, undir eins og þau væru greidd þeim, í síðasta lagi með fyrstu póstferð, eptir að þetta hefði átt sjer stað.

Þar eð sumir reikningshaldarar síðan hafa vanrækt að fara eptir fyrir mælum þessum, og afleiðingin af þessu hefir orðið, að í lok hvers reikningsárs hefir verið útistandandi sem ógreitt í landssjóð talsvert af fje því, sem hlýtur að hafa verið golið reikningshöldurunum, vil jeg hjer með skora á yður, herra amtmaður, að brýna fyrir öllum sýslumönnum, bæjarfógetum og umboðsmönnum í umdæmi yðar, að þeim beri að gæta nákvæmlega fyrirskipana þeirra, er gjörðar eru í umburðarbrjefi 16. maí 1876 og jafnframt gefa þeim til kynna, að ef þeir eptirleidis breyti út af þessu, muni þeir verða látnir sæta ábyrgð fyrir það.

Bresti gjaldanda peninga sbr. 5. gr. laga 14. desbr. 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, er reikningshaldari skyldur til þess að sjá um, að landaurum þeim, er hann tekur við, verði komið í peninga fyrir lok sumarkauptíðar, en við engri «innskrift» eða ávísun á innlendan kaupmann má hann taka, nema því að eins að kaupmaðurinn sje fær um að borga fyrir sumarkauptíðarlok innskriftina annaðhvort með peningum út í hönd eða með ávísun á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn.

Loksins mælist jeg til þess, að þjer herra amtmaður, um leið og þjer sendið hingað sýslu og umboðsreikninga fyrir 1878 skýrið mjer frá, hvort reikningshaldarar hafi á þessu ári gætt fyrir mælanna í 2. gr. umburðarbrjefs 16. maí 1876 með tilliti til þeirra gjalda, sem ekki hafa verið greidd í landssjóð, fyrr en um leið og reikningurinn var saminn.

— *Bjef landshöfðingja til beggja amtanna um manntalsbókarfyrirmynd.* — Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu hefi jeg samið hjálagða fyrirmynd fyrir manntalsbókum sýslumanna eins og þær verða samkvæmt hinum nýju skattalögum. Jeg hefi ekki álitíð það nauðsynlegt að sundurliða tekjuskattinn í eignarskatt og atvinnuskatt, eða að hafa í fyrirmyndinni skýrslu um hin einstöku atriði, er skattur þessi og húsaskatturinn byggjast á, þar sem reikningshaldari verður að hafa við hendina á þingum, og síðan láta fylgja reikningi sínum eptirrit eptir tekjuskattsskrá yfirskattanefndarinnar og húsaskattsskránni.

Fyrirmyndin er hin sama fyrir kaupstaði og hreppa. Í fyrsta dálki á í hreppum að rita nöfn jarða þeirra, er gjaldþegnar búa á, en í kaupstöðum skal rita í þenna dálk

6 29. jan. nöfn húsa þeirra eða stræta, þar sem hlutaðeigandi á heima. Í Reykjavík er sleppt dálkinum fyrir jafnaðarsjóðsgjaldi.

Þetta er tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir.

Fyrirmynd fyrir manntalsbók.

1879

N þingsókn í N sýslu.

Heimili gjaldanda.	Gjaldendur.	Jarðar-ábúð og afnot hndr.	Lausa-fje. hndr.	Skattur.				Tekju-skattur a. kr. a.	Húsa-skattur a. kr. a.	Búnaðarskól-agjald kr. a.	Jafnaðarsjóðsgjald kr. a.	Allt þingsgjaldið kr. a.
				á ábúð á ál.	á lausafje. ál.	samtals						
						ál.	kr.					

7 29. jan. — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk til að nema innanbæjarbúsýslu.* — Jafnframt því að senda mjer bönarbrjef yngisstúlku Sigurbjargar Friðriksdóttur um, að henni verði af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber þetta ár af fje því, er getur um í 10. gr. C 5 fjárlaganna, veittur 4—500 kr. styrkur til að nema í Danmörku, mjólkurmeðferð, smjörgjörð, ostagjörð og önnur innanbæjarstörf, svo að hún síðarmeir geti tekizt á hendur kennslu í þessum greinum, einkanlega í Skagafjarðarsýslu, hafið þjer, herra amtmaður, lagt yðar beztu meðmæli með beiðni þessari.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg samkvæmt ofanefndum tillögum yðar samþykki, að til þessa verða varið 400 kr. af upphæð þeirri, er norður- og austurumdæminu ber af fje því, er veitt er með áðurnefndri fjárlagagrein, þó vil jeg skjóta því til yðar, að að eins helmingurinn af styrk þessum verði útborgaður hlutaðeiganda, þá er hún fer hjeðan; en hinn helmingurinn, þegar hún færir sönnur á að hafa um hæfilegan tíma stundað áminnzt nám, og tekið góðum framförum í því. Sjeuð þjer, herra amtmaður, mjer samdóma um þetta, mun á yfirstandandi fjárhagsári að eins verða ávísað 200 kr. til þessa fyrirtækis; en eptirstöðvunum mun verða ávísað samkvæmt síðari tillögum amtsins, og bið jeg mjer tjáða þóknanlega skýrslu um, hvað afráðið verður í þessu tilliti.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 11. dag janúarmánaðar skipaði landshöfðingi aðstoðarprest sira Jens Pálsson á Arnarbæli til þess að vera prest þingvalla kirkjusóknar, í Árnesprófastsdæmi.

29. s. m. var kandidat Þorsteinn Benidiktsson skipaður prestur Lunda og Fitja safnaða í Borgarfjarðar prófastsdæmi.

Landshagsskýrslur.

Mannfjöldi á Íslandi árin 1873—1877.

A. Fæðingar, mannalát, hjónabönd og fermingar í hverju prestakalli og prófastsdæmi.